

HRE4A05

Stjórnbúnaður brunahreyfla.

Námsáætlun, Vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Gísli Þór Þorkelsson
Björgvin Guðleifsson

Netfang/netföng:

gisli.thorkelsson@borgo.is
Bjorgvin.gudleifsson@borgo.is

Lýsing:

Fjallað er um mismunandi gerðir bilana í hreyflum. Farið er yfir skipulag og framkvæmd bilanagreininga. Unnin eru verkefni í skipulagi og framkvæmd bilanagreininga á hreyflum. Áhersla er á nákvæmt skipulag, notkun mælitækja, mat á niðurstöðum mælinga og notkun tækniupplýsinga.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi skiplags við bilanagreiningar.
- Gerð skipulags fyrir bilanagreiningu.
- Notkun mælitækja við bilanagreiningar.
- Niðurstöðum mælinga á hreyflum, raf- og vélbúnaði.

Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Útskýra mikilvægi skipulags bilanagreininga.
- Framkvæma bilanagreiningar á hreyflum, raf- og vélbúnaði á skipulagðan hátt.
- Nota viðeigandi mælitæki og tækniupplýsingar.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Framkvæma bilanagreiningar á hreyflum, raf- og vélbúnaði á skipulagðan hátt.
- Útskýra bilanir / viðgerðir á öruggan hátt.
- Framkvæma öruggar og hagkvæmar viðgerðir á hreyflum, raf- og vélbúnaði.

HRE4A05

Stjórnbúnaður brunahreyfla.

Námsáætlun, Vorönn 2023

Námsmat:

Símat. Verkefni sem tengjast hæfniviðmiðum áfangans verða lögð fyrir og metin. Þátttaka og virkni gildir 10%, Bókleg verkefni gilda 20%, Verkefni á electude gilda 20% Verkleg verkefni gilda 50%.

Mætingar eru skv mætingarreglum skólans og er lágmarks viðvera 85% fyrir lotuna. Fyrstu 10 mínútur tíma gefa S í kladda eftir fyrstu 10 mín er gefið F í kladda.

Til að standast áfangann þarf nemandi að klára alla námsþætti og ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn.

Námsgögn: Electude verkefni. Verkefni tengd bókinni Automotive Technology. Ymis verkleg verkefni á verkstæði skólans.

Nemandi á að koma með:

Tölvu

Bók eða rafræna útgáfu bókarinnar:

Fundamentals of Automotive Technology (Principles and Practice Second Edition ISBN:978-1-284-10995-5)

Ritföng (blýant, stílabók og strokleður)

Öryggisskó

Vinnufatnað

Einnota hanska

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Persónuhlífar

Skylda er að nota persónuvörnir eftir fyrirmælum kennara, öryggisskór eru skylda á verkstæðisgólfi. Í vinnu við vélarhluta og þegar blástursspiss er notaður er skylt að nota hlífðarhanska og öryggisgleraugu.

Bílapeysur

Nemendum er líka **skylt að nota fjólubláar “BÍLAR“ peysur / eða Boli**

Fylgi nemendur ekki þessum reglum áskilur kennari sér rétt til að vísa þeim úr kennslustund.

(Peysurnar eru öryggisatriði, svo við kennarar vitum hvaða nemendur mega vera í skálunum, því aðrir nemendur hafa ekki fengið fræðslu eða upplýsingar um meðhöndlun og umgengni við tæki og tól þar og eiga því ekkert erindi þar inn og eiga ekki að vera inni í stofum eða verkstæði. Það eru margar hættur í bílaskálunum, fyrir aðila sem hafa ekki þekkingu á því sem þar er.)

Nemendur yfirgefa ekki vinnusvæði fyrir en öll verkfæri eru komin á sinn stað, og gengið hefur verið frá tækjum, búnaði og vinnusvæði þrifið.



HRE4A05

Stjórnbúnaður brunahreyfla.

Námsáætlun, Vorönn 2023

Vika	Námsþættir	
1	Innsetning námsefnis og byrjað að skoða verkþætti áfangans	
2	Unnið í verkefnum í stofu sem og gólfi verkstæðis tengt vélum.	
3	Unnið í verkefnum í stofu sem og gólfi verkstæðis tengt vélum.	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.